

Matvælaráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, föstudagur, 24. febrúar 2023  
UST202302-187/J.T.  
04.00

### Efni: Samráðsgátt - Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu

Vísað er til bréfs dags. 10.2.2023 þar sem Matvælaráðuneytið sendi Umhverfisstofnun drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu til umsagnar. Meðfylgjandi er umsögn teymis hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun út frá viðfangsefnum teymisins.

Í drögum að matvælastefnu er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda við matvælaframleiðslu. Teymi hringrásarhagkerfis telur að tengja megi matarsóun betur við matvælaframleiðslu og fullnýtingu auðlinda í stefnunni sjálfri auk þess að tengja stefnuna við aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn matarsóun, *Minni matarsóun*.

Einnig bendum við á að nú stendur til vinna við gerð leiðbeininga um hvernig leggja skuli mat á loftslagsáhrif af stefnum. Þar sem gildistíma stefnunnar er langur er æskilegt að gera atlögu að því hvort meta megi loftslagsáhrif af stefnunni eða einhverjum þáttum hennar.

Fulltrúar teymisins eru reiðbúnir að koma á fund Matvælaráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson,  
**sérfræðingur**

Þorbjörg Sandra Bakke,  
**teymisstjóri**